



KYNNING

Morgunblaðið mbl.is
augl@mbl.is | Sími 569 1100

CCU-samtökin

Líf með sáraristilbólgu ekki endastöð

Brynja Guðmundsdóttir fann von og stuðning í CCU-samtökunum en hún fann fyrst fyrir einkennum sáraristilbólgu þegar hún var 15 ára gömul.


Brynja Guðmundsdóttir var rétt orðin fullorðin þegar hún fékk greiningu á sáraristilbólgu (Colitis Ulcerosa) en einkennum höfðu þá fylgt henni árum saman. Í dag lifir hún virku lífi, er hjúkrunarfræðinemi á öðru ári og er auk þess með BA-gráðu í sálfræði. Hún er gift hjartalækni, er móðir þriggja barna og þau eiga hundinn Tindi.

Brynja segir fyrstu einkennin líklega hafa komið fram um 15 ára aldur. „Ég byrjaði með mikla magaverki og krampa. Á þessum aldri er þetta eitthvað sem maður talar ekki um og ég sagði því lengi vel engum frá.“

Í fyrstu var svo reynt að skýra einkennin með kvíða eða streitu eins og algengt er hjá unglingum. „Svo versnaði þetta og það fóru að koma skýrari einkennum frá ristlinum. Þá var farið að skoða þetta nánar.“ Brynja fór til meltingarsérfræðings og við tók rannsóknarferli með ristilspeglun sem leiddi til greiningar. „Það var blendinn léttir. Það var gott að vita hvað var að en á sama tíma beið mín krefjandi verkefni við að lifa með þessu.“

Leit að jafnvægi í ófyrirsjáanlegum sjúkdómi

Eins og með þá sem greinast með þennan sjúkdóm hefur Brynja prófað fjölda lyfja og er í dag á fjórða eða fimmta lyfinu. Hún segir líftækniyf hafa skipt sköpum fyrir lífsgæði sín því þau haldi einkennum niðri. „Þegar einkennum eru virk er þetta mjög hamlandi. Maður þarf alltaf að vera nálægt salerni og það sem maður borðar fer nánast beint í gegn. Þá minnkar líka matarlystin.“



Brynja Guðmundsdóttir ásamt hundinum Tindi. Brynja greindist með sáraristilbólgu þegar hún var unglingur.

Hún segir að þrátt fyrir lyfin viti hún að sjúkdómurinn sé ófyrirsjáanlegur og því best að vera viðbúin bakslagi, samhliða bjartsýni og lifa sem bestu lífi. Á fyrstu árunum eftir greiningu var Brynja oft ráðalaus. „Ég vissi ekki hvert ég átti að leita. Ég velti fyrir mér hvort fólk lifði eðlilegu lífi með þetta eða hvort þetta væri bara endastöð.“

Fann von í CCU-samtökunum

Vendipunkturinn kom þegar hún fann stuðning í CCU-samtökunum. „Þar heyrði ég

alls konar sögur af fólki sem lifði fjölbreyttu lífi þrátt fyrir sjúkdóma. Það gaf mér mikla von.“ Hún segir stuðninginn enn skipta máli í dag. „Það er alltaf einhver sem hefur gengið í gegnum það sama. Það skiptir miklu þegar eitthvað kemur upp á.“

Brynja hefur einnig kynnt sér áhrif mataræðis en segir engar einfaldar lausnir til. „Það er oft talað um að minnka sykurlaun og ferskt grænmeti en í raun þarf hver og einn að finna sitt jafnvægi. Þegar ég er í versnun forðast ég ákveðin matvæli sem geta aukið bólgumyndun.“

Lyfin hjálpa mér að gera það sem þarf

Brynja starfar um þessar mundir á blóð- og krabbameinsdeild Landspítalans. „Þetta er mjög lærdómsríkt og gefandi starf.“

Fjölskyldulífið er einnig líflegt en Brynja og eiginmaður hennar bjuggu í níu ár í Stokkhólmi þar sem hann nam hjartalækningar. „Það hjálpar að sjálfsögðu að vera með reynslu og innsýn úr heilbrigðiskerfinu þegar maður fæst við áskoranir sem fylgja sjúkdómi eins og þessum. Mér líður vel núna og lyfin hjálpa mér að geta gert allt sem ég þarf að gera.“